

# Stjórnarfundur UDN

Haldinn í Reykhólaskóla 13. mars 2017 og hófst kl. 18:40.

Mætt voru Heiðrún Sandra formaður, Ingveldur gjaldkeri, Jóhanna Sigrún varaformaður, Herdís Erna meðstjórnandi (mætti eftir að Dalabyggðarmál voru rædd), Arnar Svansson varamaður og Svana Hrönn Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri.

## 1. Starfsstyrkur Dalabyggðar

- Komið er að skipta starfsstyrk Dalabyggðar. Í ár er styrkurinn 1.1 milljón.
- Glímufélag Dalamanna fékk 100.000 kr í styrk.
- Hestamannafélagið Glaður fékk 400.000 kr í styrk.
- Samstarfsnefndin fékk 600.000 kr í styrk.

## 2. Dalabyggðarsamningur

- Dalabyggðarsamningurinn var ræddur. Það þarf að klára að ganga frá honum fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Heiðrún, Ingveldur og Svana ætla að vera í sambandi við Svein.

## 3. UDN - Hlaup á Jörfagleðinni

- Í ár verður haldin Jörfagleði. Svana lagði til að UDN myndi sjá um að halda utan um Sumardaginn fyrsta hlaup í tengslum við hátíðina. Stjórnin samþykkti það.
- Skemmtiskokk? Langar vegalendir? Stuttar vegalengdir. Lagt var til að halda hlaupið í Haukadalnum. Svana og Jóhanna Sigga taka að sér að skipulag hlaupsins.

## 4. Lög UDN

- Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands gagnrýndi lög UDN og óskaði eftir að stafsetningin verði löguð og bentu á 45. grein ÍSÍ þar sem lögbundin hlutverk héraðssambandsins koma fram. Svana ætla að athuga hvort Valdís Einarsdóttir héraðsskjalavörður geti aðstoðað við lagfæringu á lögnum.

## 5. Ársþing UDN

- Umræður sköpuðust um íþróttamann ársins og umræður sem hægt væri að hafa á þinginu. Skoða umræður um frjálsíþróttamót sumarsins, íþróttamann ársins. Stjórnin verður í sambandi á facebook ef fleiri hugmyndir að umræðum koma upp.

## 6. Starfsmerki UMFÍ

- Rætt um tillögur að einstaklingum til að tilnefna til að fá starfsmerki UMFÍ. Svana tekur að sér að heyra í UMFÍ og fá að vita nánar um reglurnar og hversu marga má tilnefna.

## 7. Ársreikningar UDN

- Ingveldur bað um að stjórn UDN samþykki kröfur og skuldir sem eru óskýrðar verði felldar niður, þetta eru kröfur frá því áður en Ingveldur varð gjaldkeri. Stjórnin samþykkti beiðni Ingveldar. Ingveldur ætla að taka að sér að búa til fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

## 8. Skýrsla stjórnar

- Heiðrún og Svana ætla að taka skýrsluna saman og senda á stjórnina fyrir ársþingið.

## 9. Knattspyrnan

- Það þarf að greiða KSÍ 2000 kr fyrir félagaskipti yfir í UDN. Stjórnin samþykkti að greiða fyrir þá sem óska eftir því.

## 10. Önnur mál

- Ekki voru rædd önnur mál

Fundi slitið kl 21:55  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir